

Brúarhlaup Selfoss 2012

Staður og tími

Brúarhlaupið á Selfossi verður haldið laugardaginn 1. september. Allir hlauparar og hjólreiðamenn verða ræstir á Ölfusárbrú. Hjólreiðar hefjast kl. 11:00, hálfmaraþon kl. 11:30 og aðrar vegalengdir kl. 12:00.

Vegalengdir

2,5 km, 5 km, 10 km og hálfmaraþon 21,1 km, allar vegalengdir eru með tímatöku. Einnig er keppt í 5 km hjólreiðum. Keppni í 5 km hjólreiðum fer fram á malbiki. Allar hlaupaleiðir eru löggildar og mældar upp af viðurkenndum aðila. Tímataka er í öllum vegalengdum, bæði hlaupa og hjólreiða.

Þátttakendur eru hvattir til að kynna sér vel hlaupaleiðir áður en hlaupið er af stað. Kort með hlaupaleiðunum er að finna á hlaup.is og einnig verða upplýsingar um þær aðgengilegar við upphaf hlaups og við skráningu.

[Kort af leiðunum.](#)

Flokkaskipting

Flokkaskipting er í 10 km og hálfmaraþoni og í þeim flokkum eru veittir verðlaunapeningar fyrir 1.-3. sæti í hverjum aldursflokki. **Íslandsmeistaramót í hálfu maraþoni fer fram í Brúarhlaupinu þetta árið á vegum Frjálsíþróttasambands Íslands.**

Skráning

Allir þátttakendur fá við skráningu keppnisbol og verðlaunapening við komu í mark. Skráningargjöld í forskráningu eru 1.000 kr. fyrir 16 ára og eldri og 700 kr. fyrir 15 ára og yngri, í allar keppnisgreinar, nema í 10 km hlaup þar sem skráningargjald er 3.000 kr. og í hálf maraþon þar sem skráningargjald er 4.000 kr. Veittur er fjölskylduafsláttur þannig að hjón borga fullt gjald, fyrir sig og tvö börn, en ef um fleiri börn er að ræða fá þau frítt.

Forskráningu líkur á netinu á hlaup.is, miðvikudaginn 29.ágúst kl. 18. Eftir það eru skráningargjöldin 1.500 kr. fyrir 16 ára og eldri og 1000 kr. fyrir 15 ára og yngri. Einnig hækkar skráningargjald í 10 km hlaupi í 3.500 kr. og í hálf maraþoni í 4.500 kr. eftir að forskráningu líkur. Þeir sem ekki vilja fá bol merktan hlaupinu geta afþakkað hann í forskráningu og lækkar þá keppnisgjaldið um 500,-kr.

Skráning fer fram á hlaup.is og í Landsbankanum á Selfossi, einnig á hlaupadag frá kl. 09:00 í Landsbankanum á Selfossi. Skráningu í hverja keppnisgrein, á hlaupadag, líkur **klukkustund** fyrir upphaf hennar. Afhending keppnisgagna, til þeirra sem hafa forskráð sig á netinu, er á hlaupadag við Landsbankann á Selfossi frá kl. 09:00.

Verðlaun

Verðlaunapeningar eru veittir fyrir þrjú fyrstu sætin í hálfmaraþoni og 10 km hlaupi í öllum aldursflokkum, bæði kyn. Einnig eru veitt verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hálfmaraþoni og 10 km hlaupi, bæði kvenna og karla. Einnig eru veittir verðlaunapeningar fyrir þrjú fyrstu sætin í öðrum vegalengdum óháð kyni. Að auki verða dregin út útdráttarverðlaun úr hópi allra keppenda. Verðlaunaafhending fer fram í garði Landsbankans á Selfossi kl. 14.00.

Allir keppendur fá frítt í sund eftir hlaup, í boði Sveitarfélagsins Árborgar, gegn framvísun keppnisnúmers.

Aðrar upplýsingar

Úrslit verða birt á hlaup.is. Frekari upplýsingar gefur Helgi Sigurður Haraldsson, helgihar@simnet.is og í síma 825-2130.